




FLEIRI HLYNNTIR EN ANDVÍGIR AÐSKILNAÐI RÍKIS OG KIRKJU

- Mun fleiri Íslendingar eru hlyntir en andvígir aðskilnaði ríkis og kirkju samkvæmt könnun Maskínu. Rúmlega 55% eru hlynt aðskilnaði á meðan að hátt í 22% eru andvíg. Þá eru tæplega 23% í meðallagi hlynt eða andvíg aðskilnaði ríkis og kirkju. Maskína spurði síðast um afstöðu til aðskilnaðar ríkis og kirkju árið 2015, en ekki er marktæk breyting á afstöðunni milli 2015 og 2018.

Ertu hlynt(ur) eða andvíg(ur) aðskilnaði ríkis og kirkju?




- Miklu munar á afstöðu fólks eftir aldri, en yngri aldurshópar eru mun hlyntari aðskilnaði ríkis og kirkju en þeir sem eldri eru. Þannig eru rúmlega 75% svarenda á aldrinum 18 til 29 ára hlynt aðskilnaði ríkis og kirkju, en aðeins slétt 40% á aldrinum 60 ára og eldri. Einnig eru þeir sem búa í Reykjavík (á bilinu 64-65%) hlyntari aðskilnaði ríkis og kirkju en þeir sem búa á Norðurlandi (á bilinu 37-38%) eða Suðurlandi og Reykjanesi (um 47%).
- Að lokum er afstaða til aðskilnaðar ríkis og kirkju breytileg eftir stjórnmálaskoðun. Kjósendur Pírata eru hlyntastir aðskilnaði, en ríflega 89% þeirra eru hlyntir. Meirihluti kjósenda Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Viðreisnar er einnig hlyntur aðskilnaði ríkis og kirkju. Aftur á móti er aðeins minnihluti kjósenda Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins hlyntur aðskilnaði ríkis og kirkju.
- Svarendur voru 781 talsins og koma úr Þjóðgátt Maskínu, sem er þjóðhópur fólks (panell) sem er dreginn með tilviljun úr Þjóðskrá og svarar á netinu. Svarendur eru af báðum kynjum, alls staðar að af landinu og á aldrinum 18-75 ára. Gögnin eru vigtuð með tilliti til kyns, aldurs og búsetu samkvæmt Þjóðskrá og endurspegla því þjóðina þrýðilega. Könnunin fór fram dagana **18.-25. janúar 2018**.

AFSTAÐA TIL AÐSKILNAÐAR RÍKIS OG KIRKJU





Sp. 1. Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) aðskilnaði ríkis og kirkju?

	Fjöldi	%
Mjög hlynnt(ur) (5)	278	36,2
Fremur hlynnt(ur) (4)	147	19,1
Í meðallagi (3)	175	22,8
Fremur andvíg(ur) (2)	109	14,3
Mjög andvíg(ur) (1)	58	7,6
Gild svör	767	100,0
Gildir svarendur	767	98,2
Svöruðu ekki	14	1,8
Heildarfjöldi	781	100,0



Meðaltal	3,62
Vikmörk á meðaltalið	+/-0,09
Staðalfrávik	1,31



Hér er reiknað meðaltal á fimm punkta kvarða þar sem valmöguleikinn „Mjög hlynnt(ur)“ fær gildið 5 en valmöguleikinn „Mjög andvíg(ur)“ fær gildið 1, aðrir svarkostir eru þar á milli.

Á næstu síðum má sjá greiningu eftir bakgrunni svarenda. Þegar meðaltöl eru greind er marktækur munur tilgreindur með stjörnumerkingu auk þess sem láréttar súlur sem sýna meðaltöl hópanna eru dökkgráar.

Hvorki er marktækur munur á hlutfalli þeirra sem eru hlynntir á milli ára skv. z-prófi né marktækur munur á meðaltali milli ára skv. t-prófi.

AFSTAÐA TIL AÐSKILNAÐAR RÍKIS OG KIRKJU



Sp. 1. Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) aðskilnaði ríkis og kirkju?

	Gild	Hlynnt(ur)	Í meðallagi	Andvíg(ur)			Breyting frá fyrri mælingu
	svör						
	Fjöldi	%	%	%			
Allir	767	55,3	22,8	21,9	3,62		0,08
Kyn							
Karl	387	57,7	19,5	22,9	3,66		0,22
Kona	380	52,9	26,3	20,9	3,58		-0,07
Aldur*							
18-29 ára	184	75,2	16,2	8,6	4,23		-0,04
30-39 ára	150	63,6	23,6	12,8	3,92		0,23
40-49 ára	136	47,3	25,4	27,3	3,36		-0,12
50-59 ára	140	45,2	25,6	29,2	3,30		0,01
60 ára og eldri	157	40,0	25,3	34,8	3,13		-0,02
Búseta*							
Reykjavík	327	64,4	18,2	17,3	3,84		0,07
Nágr.sveitarfélög Rvk.	178	52,9	25,3	21,8	3,61		0,08
Suðurland og Reykjanes	103	46,9	21,3	31,8	3,31		0,06
Vesturland og Vestfirðir	45	56,5	18,4	25,1	3,65		0,29
Norðurland	87	37,5	38,0	24,4	3,23		0,02
Austurland	27	47,8	26,3	25,8	3,31		
Tekjur							
Lægri en 400 þúsund	138	59,7	20,1	20,2	3,71		
400 til 549 þúsund	98	60,3	17,8	21,9	3,78		
550 til 799 þúsund	154	58,2	22,7	19,1	3,69		
800 til 999 þúsund	90	44,7	30,3	24,9	3,43		
Milljón til 1.199 þúsund	76	55,6	26,3	18,1	3,68		
1.200 þúsund eða hærr	119	52,3	22,5	25,2	3,46		

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).

AFSTAÐA TIL AÐSKILNAÐAR RÍKIS OG KIRKJU



Sp. 1. Ertu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) aðskilnaði ríkis og kirkju?

	Gild svör		Í meðallagi		Andvíg(ur)
	Fjöldi	%	%	%	
Allir	767	55,3	22,8	21,9	3,62
Eru tekjur heimilis þíns að þínu mati hærrí eða lægri en meðaltekjur heimila í landinu?					
Lægri en meðaltekjur heimila í landinu	204	53,5	22,3	24,2	3,55
Svipaðar og meðaltekjur heimila í landinu	315	54,2	25,4	20,4	3,65
Hærrí en meðaltekjur heimila í landinu	198	61,1	16,6	22,4	3,69
Menntun					
Grunnskólapróf	127	49,9	25,5	24,5	3,50
Framhaldsskólapróf/líðmenntun	252	54,3	25,0	20,7	3,62
Háskólapróf	354	58,3	19,9	21,8	3,68
Hjúskaparstaða*					
Gift/Kvæntur/Í sambúð	520	50,1	25,7	24,2	3,48
Einhleyp(ur)	168	72,1	14,8	13,1	4,07
Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill	50	49,4	17,2	33,4	3,37

Breyting frá fyrri mælingu

0,08

0,13

0,13

-0,02

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).

AFSTAÐA TIL AÐSKILNAÐAR RÍKIS OG KIRKJU



Sp. 1. Ertu hlynt(ur) eða andvíg(ur) aðskilnaði ríkis og kirkju?

	Gild svör		Í meðallagi		Andvíg(ur)	Breyting frá fyrri mælingu
	Fjöldi	%	%	%		
Allir	767	55,3	22,8	21,9	3,62	0,08
Heimilisgerð						
Ein(n) á heimili	97	64,0	17,0	18,9	3,78	
Fullorðin(n)/Fullorðnir með 1-2 börn	229	55,3	24,3	20,4	3,69	
Fullorðin(n)/Fullorðnir með 3 börn eða fleiri	67	48,0	30,5	21,6	3,42	
Tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn	343	54,2	21,5	24,3	3,57	
Hvaða flokk myndir þú kjósa í dag?*						
Flokk fólksins	29	23,7	27,1	49,2	2,71	
Framsóknarflokkinn	57	26,3	24,9	48,8	2,73	-0,02
Miðflokkinn	29	19,4	41,1	39,5	2,65	
Pírata	83	89,1	4,5	6,4	4,52	0,42
Samfylkinguna	100	62,3	25,7	12,0	3,89	0,07
Sjálfstæðisflokkinn	118	37,4	30,5	32,2	3,20	0,19
Viðreisn	47	70,1	21,3	8,6	4,01	
Vinstrihreyfinguna - grænt framboð	99	75,5	12,3	12,2	4,00	0,23

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).